

Mál nr. 147/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega hjá N

Maður féll þegar hann rak fót í trjástubb þ. 7.6.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.4.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-11
2. Bréf V dags. 18.4.2011.

Málsatvik.

M segist hafa verið að ganga yfir svæði þar sem trjárunnar hefðu verið sagaðir niður við jörð og hafi hann rekið vinstri fótinn í trjástubb og dottið og meitt sig, en hann hafi verið að vinna hjá N. M segir að liðþófi á hægri hné hefði rifnað. M krefst bóta úr slysátryggingu launþega hjá N vegna ofangreinds atviks en V hafnar bótaskyldu og telur málsatvik ósönnuð. V bendir á að M hafi leitað til slysadeilar FSA þ. 7.6.2010 vegna verkja í hægra hné sem hann hafi haft í viku fyrir heimsóknina á slysadeildina, en við það tilefni hafi ekki verið minnst á neinn áverka annan en eins og hálfs árs gamlan liðbandaáverka. Þá segir V að engin samtímagögn liggi fyrir um málsatvik og geti V ekki lagt málsatvikalýsingu M til grundvallar miðað við aðstæður. Þá bendir V á að M hafi ekki tilkynnt N um slysið og segist N ekki vita til þess að slys hafi átt sér stað. V telur því ósannað hvort eða hvernig hið meinta slys hafi átt sér stað.

Álit.

Af hálfu M hafa ekki verið færð fram gögn eða sýnt fram á að umrætt slys hafi átt sér stað með þeim hætti sem hann heldur fram og byggir bótakröfu sína á. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá N.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá N.

Reykjavík 17.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.